

# Velkomin í Skíðagöngufélagið Ull!

## Nokkur orð um félagið

Skíðagöngufélagið Ullur var stofnað árið 2007, en frá stofnun hefur félagið verið mjög virkt og félagsmönnum fjölgað jafnt og þétt. Þrátt fyrir að félagið hafi vart slítið barnskónum hefur það náð að koma upp skála á göngusvæðinu í Bláfjöllum, starfrækja eina mest lesnu skíðagönguheimasíðu á landinu og stórbæta aðstöðu til að iðka skíðagöngu í Bláfjöllum. Ullur er aðili að ÍSÍ og á síðustu árum hafa nokkrir Ullungar náð að komast á pall í hinum ýmsu skíðagöngukeppnum, en félagið er að sjálfsögðu jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna.



**Hvaðan kemur nafnið?** Ullur heitir einn, sonur Sifjar, stjúpsonur Þórs. Hann er bogmaður svo góður og skíðfær svo að enginn má við hann keppast. Hann er fagur álitum og hefur hermanns atgervi. Á hann er og gott að heita í einvígi.

## Heimasíðan

Félagið heldur úti heimasíðunni [www.ullur.is](http://www.ullur.is) en á síðunni er að finna ýmsan fróðleik er tengist íþróttinni, eins og t.d.:

- Skíðafæri og veður á skíðasvæðinu í Bláfjöllum
- Upplýsingar um troðnar skíðabrautir í nágrenni höfuðborgarsvæðisins
- Upplýsingar um æfingar, námskeið og keppnir sem félagsmenn geta tekið þátt í.
- Krækjur á áhugaverða gönguskiðavefi
- Krækjur á heimasíður skíðafélaga um allt land
- Hægt er að koma á framfæri áhugaverðum ábendingum til félagsmanna
- Almennar upplýsingar um félagsstarfið

## Ert þú vinur okkar á Facebook?

Félagið heldur jafnframt úti síðu á Facebook þar sem oft koma fram skemmtilegar upplýsingar og félagar skiptast á skoðunum. Það er því um að gera að „líka“ við okkur á Facebook og taka þátt í umræðunni. [Smelltu hér til að fara beint á síðuna](#). En einnig er hægt að leita á Facebook að „Skíðagöngufélagið Ullur“.

Hægt er að skoða kort af skíðagöngusvæðinu með því að [smella hér](#).

## Æfingar / kennsla

Á hverjum vetri er haldið námskeið fyrir byrjendur og lengra komna.

Síðastliðin ár hafa verið barna- og unglíngaæfingar, ein til tvær í viku yfir vetrarmánuðina.

Félagið heldur utan um vikulegar hjólaskíðaæfingar á haustin. Þær fara fram í Fossvogsdal á þriðjudögum kl. 17:30 (frá Víkingsheimilinu) og henta bæði byrjendum og lengra komnum. Þegar snjór er nægur er reynt að hafa æfingar í troðnum brautum innan höfuðborgarsvæðisins eða í Bláfjöllum.

Upplýsingar um öll námskeið, æfingar og keppnir eru birtar á heimasíðunni [www.ullur.is](http://www.ullur.is)



## Keppni

Skíðagöngufélagið Ullur stendur fyrir keppni í skíðagöngu. Ber þar hæst Bláfjallagönguna sem haldin er á hverjum vetri. Hún er hluti af Íslandsgöngunni sem er flokkur göngumóta fyrir almenning og eru þau haldin víða um land. Lengsta vegalengd Bláfjallagöngunnar er 20 km en einnig eru í boði styttri vegalengdir fyrir byrjendur og alla aldursflokka.


Vorið 2011 sá Ullur um keppni í skíðagöngu á Skíðamóti Íslands í Bláfjöllum og voru myndir í bæklingnum teknar við það tækifæri.

## Skálinn

Ullur hefur afnot af 35 fermetra skíðaskála í Bláfjöllum. Skálinn er í eigu ÍTR og stendur við skíðabrautina á Neðri-Sléttu, rétt hjá **Suðurgilslyftu**. Upplagt er fyrir skíðagöngufólk að leggja bílum þar. Skálinn er að jafnaði opinn um helgar og oft á kvöldin þegar búið er að leggja spor. Í skálanum er fyrirtaks nestisaðstaða og bekkur til að smyrja skíði. Um helgar gefst fólki kostur á að leigja gönguskíði og skó fyrir vægt gjald.



## Hvernig finn ég skálann?



**Við þökkum þér fyrir að vera félagi í skíðagöngufélaginu Ulli** og fyrir að styrkja þar með uppbyggingu félagsstarfsins og íþróttarinnar. Við vonum að aðstaðan í Bláfjöllum og upplýsingarnar á heimasíðunni eigi eftir að nýtast þér vel og verði hvatning til að stunda þá skemmtilegu íþrótt sem skíðaganga er, hvenær sem færi gefst.

**Stjórn Ullar**